

Námsþáttur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann	Markmið úr Aðalnámsskrá, að nemandi geti við lok 7. bekkjar: • Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi. • Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa. • Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni. • Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi. • Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu. • Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti. • Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks. • Borið saman valin trúar- og lífsviðhorf. • Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra. • Gert grein fyrir hugmyndum um sam hjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu. • Séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni. • Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú. • Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf. • Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður. • Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar. • Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð. • Dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægðar eða fjarlægðar. • Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs. • Nefnt dæmi um áhrif helgirit helstu trúarbragða á menningu og samfélög. • Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta. • Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga. • Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta. • Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf. • Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði. • Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga. • Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum. • Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum. • Gert grein fyrir völdum frásögnnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims. • Borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum. • Gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins. • Sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa eigin neyslu og á samfélagið.		

Samfélagsfræði 5.- 7. bekkur

Nemandi:	• Kynnist tengslum samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú. • Fræðist um umhverfisáhrif af manna völdum og leiðir til úrbóta. • Getur lesið sér til gagns á hinum ýmsu fréttamiðlum. • Þekkir viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni. • Þekkir sögu og menningu heimabyggðar og helstu stofnanir samfélagsins. • Þekkir og skilur hugtakið lýðræði. • Gerir sér grein fyrir náttúruauðlindum Íslands, hvernig þær eru nýttar og hvers vegna þarf að vernda þær og umhverfið. • Áttar sig á að hver og einn getur lagt sitt af mörkum til að vernda auðlindir og umhverfi. • Gerir sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og hlutverkum innan þeirra. • Gerir sér grein fyrir mikilvægi samhjálpar og velferðar og hvernig hún er framkvæmd í samfélaginu. • Þekkir helstu staði á landinu og veit hvar þá er að finna, s.s. höfuðborgina, kaupstaði, þorp, örnefni. • Getur leitað sér upplýsinga í bókum og á netinu um ákveðna staði á Íslandi. • Þekkir störf og atvinnuhætti	• Fræðist um sögu og menningu heimabyggðar og þekki helstu stofnanir samfélagsins og hlutverk þeirra. • Þekkir og getur lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagsháttá. • Getur nefnt dæmi um hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga. • Gerir sér grein fyrir eigin útgjöldum, neyslu og áhrifum auglýsinga á eigin neyslu og á samfélagið. • Veit hvaða lönd tilheyra Norðurlöndunum. • Þekkir fána og höfuðborgir Norðurlandanna. • Þekkir gróður og loftslag sem einkennir Norðurlöndin. • Gerir sér grein fyrir náttúrufari og helstu auðlindum Norðurlandanna. • Þekkir merka staði í sérhverju Norðurlandanna. • Veit hvaða höf liggja að hverju Norðurlandanna og stærstu vötn á Norðurlöndum. • Áttar sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði.	• Þekkir sögu og menningu heimabyggðar, helstu stofnanir samfélagsins og hlutverk þeirra. • Getur lesið sér til gagns á hinum ýmsu fréttamiðlum og nýtt sér þá til frekari vinnu. • Getur lesið úr nokkrum gerðum þemakorta af Evrópu sem sýna dreifingarmynstur t.d. náttúrufars og mannvistareinkenna. • Þekkir Evrópukortið og nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða. • Þekkir landslag Evrópu og hvernig það hefur myndast við veðrun og rof. • Getur lýst í meginráttum loftslagi og gróðurfari Evrópu. • Þekkir einstök menningarsvæði Evrópu. • Getur fjallað um hugtök eins og ríki, lönd og landamæri. • Getur aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landssvæði, atvinnuhættir þar með taldir. • Áttar sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja heims á sviði umhverfismála.
------------------------	--	---	---

	- Íslendinga. - Þekkir veðurfar og gróður landsins. - Þekkir merkustu sögustaði á Íslandi. - Getur notað kort og gröf til að afla upplýsinga.		
Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum	Markmið úr Aðalnámskrá, að nemandi geti við lok 7. bekkjar: - Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu. - Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum. - Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti. - Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. - Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund. - Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megir með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt. - Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra. - Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. - Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast. - Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun. - Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.		
Nemandi:	- Gerir sér grein fyrir hvað eru styrkleikar og hvað eru veikleikar - Getur lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu. - Áttar sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast. - Getur lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.	- Getur sett sér markmið út frá fjölbreyttum viðfangsefnum - Getur lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund. - Getur vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda og hvernig vinna má með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.	- Getur metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra. - Getur sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.

	• Getur sett sér markmið í námi. • Gerir sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og getur rætt þýðingu þess.		
Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	Markmið úr Aðalnámskrá, að nemandi geti við lok 7. bekkjar: • Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. • Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. • Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda. • Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. • Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta. • Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum. • Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins. • Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt. • Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. • Rætt um elgin athafnir og afleiðingar þeirra. • Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.		
Nemandi:	• Veit hvað lýðræðislegt samfélag er. • Tjáir eigin þekkingu og viðhorf á viðfangsefnum. • Tekur þátt í lýðræðislegum samræðum. • Veit hvað sanngirni, sjálfstraust og virðing er. • Gerir sér grein fyrir að eigin athafnir geta haft afleiðingar. • Gerir sér grein fyrir reglum sem gilda í samskiptum fólks og þjálfist í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. • Sýnir samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. • Gerir sér grein fyrir að fólk er með mismunandi skoðanir á ýmsum málefnum	• Tjáir þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti. • Sýnir sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samvinnu við aðra. • Getur rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra. • Getur rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum • Tekur þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt. • Tekur þátt í samræðum um stöðu sína sem þátttakanda í samfélaginu, réttindi og skyldur og sýnir ábyrgð í samskiptum • Getur tekið þátt í rökræðum um ólík málefni af samfélags og	• Tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. • Getur tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. • Metur og bregst við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt. • Getur tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, um réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og áttar sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum. • Getur rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga • Ber kennsl á ólíkan bakgrunn

Samfélagsfræði 5.- 7. bekkur

	• Gerir sér grein fyrir að fólk er með ólíkan bakgrunn og virðir frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgild skoðana og lífshátta. • Gerir sér grein fyrir að hann er þátttakandi í samfélaginu, með ákveðin réttindi og skyldur og sýnir ábyrgð í samskiptum • Gerir sér grein fyrir gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu. • Veit hvað staðalímyndir eru.	siðferðilegum toga • Getur nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt um áhrif staðalímynda • Þekkir til ólíkra málefna af samfélagslegum og siðferðilegum toga.	fólks og virðir frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
--	--	--	---